

## ENDURSKOÐUNARNEFND

Ár 2020, miðvikudaginn 8. janúar var haldinn 177. fundur endurskoðunarnefndar Reykjavíkurborgar. Fundurinn var haldinn í Ráðhúsi Reykjavíkur og hófst klukkan 9:10. Viðstödd voru Lárus Finnbogason, Einar S Hálfðánarson og Sigrún Guðmundsdóttir. Fundarritari var Hallur Símonarson.

### Petta gerðist:

1. Lagt fram erindisbréf innri endurskoðunar SORPU bs. dags. 8. janúar 2020. IE19120001  
Frestað  
Jón Sigurðsson frá PricewaterhouseCoopers tekur sæti á fundinum undir þessum lið.
2. Lögð fram svör sem komin eru um viðbrögð við ábendingum ytri endurskoðenda. IE19120003  
Endurskoðunarnefnd samþykkir að senda ítrekun til stjórnenda sem eiga eftir að svara um viðbrögð við ábendingum ytri endurskoðenda.
3. Lögð fram drög að áætlun um tímasetningar vegna mánaðar- og árshlutauppgjöra á árinu 2020. IE19120002
4. Lögð fram innri endurskoðunaráætlun ársins 2020 fyrir A hluta borgarsjóðs dags. í janúar 2020. IE19080005  
Samþykkt  
Anna Margrét Jóhannesdóttir og Sigrún Lilja Sigmarsdóttir taka sæti á fundinum undir þessum lið.
5. Lögð fram yfirlýsing innri endurskoðanda Reykjavíkurborgar um óhæði Innri endurskoðunar dags. 6. janúar 2020 IE19080005
6. Rætt um reikningsskil Félagsbústaða.  
Samþykkt að formaður endurskoðunarnefndar taki málið til umræðu með sviðsstjóra fjármála- og áhættustýringarsviðs Reykjavíkurborgar.
- Kl. 11:20 vikur Einar S Hálfðánarson af fundi
7. Lagt fram bréf framkvæmdastjóra Strætó bs. dags. 6. janúar .2020 um ákvörðun stjórnar Strætó bs. að framlengja um eitt ár samning við Deloitte um innri endurskoðun félagsins og að undirbúa verðkönnun á innri endurskoðunarþjónustu sem verði gerð síðar á árinu. IE20010004

### Fundi slitið kl. 11:47

Lárus Finnbogason

Sigrún Guðmundsdóttir